

16. fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis. Haldinn í Lundarskóla þriðjudaginn 23. janúar kl. 20.30.

Mætt: Aðalbjörn, Sædís, Ingvar og Ingibjörg

1. Ingibjörg formaður ræddi skoðanir formanna hverfisnefnda á nýstofnuðu Hverfisráði í Hrísey. Var hún að fara að funda með þeim og óskaði eftir skoðunum fundarmanna á málinu. Flest voru sammála um að kannski væri ekki óeðlilegt að einhver munur væri á þessum tveimur nefndum en hinsvegar þyrfti að tryggja hverfisnefndum aðgang að bæjarkerfinu á skýrari hátt en nú er og einnig að tryggja sjóð þar sem hægt væri að sækja fjármagn fyrir viðburði nefndanna.
2. Ingibjörg hafði rætt við Þórhildi skólastjóra og tók hún vel í samstarf um merkingar barna í fyrsta bekk. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðum um nákvæma útfærslu.
3. Ekki hefur enn tekist að tryggja kostun á hraðakassa en málið er enn í vinnslu
4. Rætt var um umhverfisdag og mögulegt samstarf við Lundarskóla og leikskóla hverfisins. Þarf að fara að huga að því fljótlega að húa saman skipulagshóp um umhverfisdag hverfisins.
5. Nefndir hefur tekið að sér að halda fyrsta sameiginlega fund allra hverfisnefnda í bænum og verður hann í Lundarskóla þann 13.02 og mun Ingibjörg boða til hans er nær dregur.
6. Rætt var um lýsingu á túninu austan Lundarskóla sem og við leikskóla hverfisins – nefndin ætlar að skoða þau mál betur.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 21.30.